

Nd.

153. Breytingartillögur

[28. mál]

við frv. til laga um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

2. 3. gr. hljóði svo:

Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn tilnefndir þannig: einn frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. Við 4. gr.

Á eftir 4. tölulið komi nýr töluliður sem verði 5. töluliður og hljóði svo:

Annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutunir úr sjóðnum.

4. Við 5. gr. 1. málsg. hljóði svo:
Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála o. s. frv.
5. 11. gr. hljóði svo:
Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra skv. 3. gr., sbr. og 5. tl. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.
6. Við 12. gr. Við 3. tölulið bætist:
enda verði veitt jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.
7. Við 15. gr. 1. málsg. orðist svo:
Með heimþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili alraðs einstaklings. Heimþjónusta er tvíþætt: Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.
8. 16. gr. orðist svo:
Hinir ýmsu þættir heimþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráði, þar sem þau starfa, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra. Skal heimþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð samþykkja.
9. Heiti IV. kafla orðist svo:
Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða.
10. Við 17. gr. 1. málslíður 1. málsg. orðist svo:
Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru o. s. frv.
11. Við 18. gr. 1. málsg. orðist svo:
Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr., 2.-4. tl., ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnu álitni forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.
12. 22. gr. hljóði svo:
Stjórn dvalarstofnunar fyrir aldraða skipa fimm menn. Sé stofnun skv. 17. gr. í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, um stjórn stofnunar. Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði og/eða heilbrigðismálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.
13. Við 26. gr. Á eftir 2. mgr. komi eftirfarandi viðbót:
Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtí mavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar.
14. Við 27. gr. Milli 1. og 2. málslíðar 1. málsg. komi nýr málslíður, sem hljóði svo:
Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu.
15. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður orðist svo:
Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.